Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Samgöngustofa hefur móttekið erindi um beiðni um umsögn vegna fyrirhugðara breytinga á skipulagi. Stofnunin hefur ekki efnislegar athugasemdir við tillöguna en minnir á að höfð sé hliðsjón af samgönguöryggi í öllu skipulagi, hönnun og gerð umferðarmannvirkja. Þá er vakin athygli á ákvæðum laga um loftferðir nr. 80/2022, sér í lagi XII. kafla um flugvelli og skipulag þeirra. Jafnframt þarf að horfa til ákvæði laga um vitamál nr. 132/1999, ef erindið varðar lagningu sæstrengja, neðansjávarleiðslna eða hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó.

Höfundur: Gunnar Geir Gunnarsson

Sent inn þann: 22.10.2026 , **Fyrir hönd:** Samgöngustofa

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Míla gerir engar athugasemdir.
Við óskum eftir að haft verði samband við okkur tímanlega áður en til framkvæmda kemur ef ske kynni að við vildum taka þátt í þeim.

Höfundur: Bragi Már Bragason

Sent inn þann: 22.10.2026 , **Fyrir hönd:** Míla

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Höfundur: Ingvar Atli Sigurðsson

Sent inn þann: 02.11.2026 , **Fyrir hönd:** Náttúrufræðistofnun

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við framlagða skipulags- og matslýsingu en áskilur sér rétt til að gera athugasemdir á síðari stigum ferlisins.

Höfundur: Hrönn Hafliðadóttir

Sent inn þann: 03.11.2026 , **Fyrir hönd:** Garðabær

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Fyrir liggur skýrslan Fornleifaskrá Kópavogs Endurskoðuð, unnin af Fornleifafræðistofunni árið 2019. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar skráðar á umræddri lóð. Á lóðinni er ein bygging sem samkvæmt Mannvirkjaskrá HMS var reist árið 2009 og fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Höfundur: Henný Helga Hafsteinsdóttir

Sent inn þann: 03.11.2026 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Náttúruverndarstofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og gerir ekki athugasemdir við hana á þessu stigi málsins.

Höfundur: Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Sent inn þann: 04.11.2026 , **Fyrir hönd:** Náttúruverndarstofnun

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Góðan dag,

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu þessa.

fh. Veðurstofu Íslands,

Hlíf Sævarsdóttir

Höfundur: Hlíf Sævarsdóttir

Sent inn þann: 06.11.2026 , **Fyrir hönd:** Veðurstofa Íslands

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Í viðhengi er umsögn Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM) um Dalveg 1.

Höfundur: Erlendur Smári Þorsteinsson

Sent inn þann: 07.11.2026

Viðhengi:

8.1.2026_11_03_BrefUT_LHM_Dalvegur1.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Landssamtök hjólreiðamanna

Kópavogsbær
Digranesvegi 1, 200 K.

Skipulagsgátt mál 1134/2026 - Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.
Skipulagsgátt mál 1135/2026 - Dalvegur 1. Breyting á deiliskipulagi.

Kópavogi, 8. nóvember 2026

Umsögn um:

Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.
Dalvegur 1. Breyting á deiliskipulagi.

Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) hafa skoðað skipulagslýsingu um Dalveg 1:

> *Fyrirhugað er að byggja upp fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi á Dalvegi 1. Gerð er breyting á aðal- og deiliskipulagi með það að markmiði að skapa forsendur fyrir endurnýjun svæðisins og uppbyggingu fjölbreyttrar verslunar- og þjónustustarfsemi með sterk tengsl við náttúru- og útivistarsvæði Kópavogsdals í samræmi við heildarsýn fyrir Kópavogsdal.*

Samtökin leggja áherslu á að við aðalskipulagsbreytingu og gerð deiliskipulags vegna Dalvegar 1 verði tryggt rými fyrir samfelldan samgönguhjólastíg milli Breiddar í austri og Kópavogshafnar í vestri. Dalvegur 1 gæti orðið Þrándur í Götu ef ekki verður vel að gætt.

LHM vísar vinsamlegast til erindis síns um hjólreiðaáætlun Kópavogsbæjar, sent bænum fyrir rúmu einu og hálfu ári síðan, hinn 22. apríl 2025, málsnúmer 25042730, þar sem m.a. var hvatt til uppbyggingar samgönguhjólastíga meðfram Dalvegi eða í Kópavogsdal. Sú leið myndi tengjast stofnleiðum hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu við undirgöng undir Hafnarfjarðarveg við Þinghól og lægi áfram með suðurströnd Kársness að Kópavogshöfn og tengingu við Öldu, brú yfir Fossvog, með því að þræða ströndina vandlega.

Annars vegar þyrfti að skilgreina leið þessa stígs eftir Kópavogsdal eða meðfram Dalvegi og hins vegar þyrfti að tryggja að hann þræði suðurströnd Kársness án hæðarbreytinga. Á skýringarmynd með erindinu var leiðin sýnd um dalinn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026



en lega meðfram Dalvegi, almennt dalmegin samhliða götunni, kæmi einnig vel til greina; en þá þyrfti að velja hvernig sá stígur færi framhjá Dalvegi 1 (götumegin eða dalmegin við lóðina) í heildarsamhenginu.

Benda verður á í þessu samhengi að stíg eftir Kópavogsdal, ef það yrði ofan á, yrði að hugsa sem samgönguhjólastíg, í ítarlegu samræmi við leiðbeiningar um hönnun fyrir hjólreiðar, en ekki útivistarstíg. Frá þeim sjónarhóli væri leið samhliða Dalvegi e.t.v. betri kostur en LHM hvetur til þess að þessir kostir báðir verði metnir út frá heildarleiðinni, með áherslu á beina, greiða og örugga leið án óþarfa hæðarbreytinga. Skipulagsvinnan við Dalveg 1 er tilefni til að skýra legu hjólastígsins við þá lóð eða nágrenni hennar í samhengi við alla leiðina sbr. kortið hér að ofan.

LHM hvetur því Kópavogsbæ til að tryggja þegar á þessu stigi að lóðarmörk, byggingarreitir og aðkomur við Dalveg 1 taki mið af rýmisþörf stígsins, sérstaklega ef lega meðfram Dalvegi verður ofan á, og hvetur bæinn einnig til þess að fylgja erindi samtakanna eftir með nýrri hjólreiðaáætlun og tímasettri uppbyggingu leiðarinnar.

Tengsl við hönnunarleiðbeiningar og önnur atriði:

Þegar að því kemur gerir LHM að sjálfsögðu ráð fyrir því að leiðbeiningum um hönnun fyrir hjólreiðar, sem Kópavogsbær er aðili að ásamt öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðinni, verði ítarlega fylgt við hönnun og gerð þessa stígs á milli Breiddar og Kópavogshafnar, en vill sérstaklega vekja athygli á nokkrum atriðum: Stígar eiga að vera sléttir, beinir, greiðir og án hindrana og óþarfa hæðarbreytinga og hafa verður umferðaröryggismat að leiðarljósi í leiðarvali. Tryggja þarf að lýsing verði nægilega góð, leiðin verði merkt, og að trjá- og runnagróður verði nýttur til að draga úr vindi án þess að skerða stígsýn við gatna- og stígamót.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Landssamtaka hjólreiðamanna

Erlendur S. Þorsteinsson, formaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Sjá meðfylgjandi umsögn ASHB.

Höfundur: Helga Magnadóttir

Sent inn þann: 09.11.2026

Viðhengi:

9.1.Dalvegur 1.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

Efni: Umsögn - Dalvegur 1

Umsögn ASHB um skipulags- og matslýsingu uppbyggingar við Dalveg 1 í Kópavogi

Kópavogsbær hefur óskað eftir umsögn frá Almenningssamgöngum höfuðborgarsvæðisins (ASHB) vegna skipulagslýsingar fyrirhugaðrar uppbyggingar við Dalveg 1.
Ánægjulegt er að sjá að áhersla verði lögð á aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda við aðliggjandi stígakerfi. Í leiðinni er mikilvægt að tryggja greiða, örugga og aðgengilega tengingu að næstu stöðvum almenningssamgangna.
ASHB gerir ekki aðrar athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna á þessu stigi.

2. nóvember 2026
F.h. Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins,
Helga Magnadóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Vegna: Máls nr. 1134/2026, Dalvegur 1. Breyting á Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Hörður Þorsteinsson

Sent inn þann: 10.11.2026 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Viðhengi:

10.1.Dalvegur 1, skipulagslýsing - umsögn HEF.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðabær • Hafnarfjörður • Kópavogur
Mosfellsbær • Seltjarnarnes

Kópavogsbær
Skipulagssvið
Skipulagsgátt mál nr. 1134/2026

Kópavogur, 10. nóvember 2026
Tilvísun: K-22965

Efni: Dalvegur1. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og breyting á deiliskipulagi. Skipulags- og matslýsing.

Fyrirhugað er að byggja upp fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi á Dalvegi 1, þar sem endurvinnslustöð Sorpu hefur verið starfrækt frá árinu 1991. Markmið skipulagsvinnunnar er að móta heildstæða uppbyggingu verslunar og þjónustu sem fellur að markmiður heildarsýnar fyrir Kópavogsdal, styrkir tengsl við dalinn og stuðlar að auknu mannlífi, útivist og aðdráttarafli svæðisins. Jafnframt er markmið að bæta ásýnd og nýtingu lóðarinnar og styrkja sérstöðu Kópavogsdals sem útivistar- og dvalarsvæðis.
Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér lýsinguna og fagnar þeim markmiðum sem fram koma í lýsingunni um að lögð verði áhersla á að starfsemi á lóðinni tengi vel við náttúruna og útivistina í dalnum. Lagt er upp með að byggingarreitir verði á suðurhluta lóðarinnar upp við Dalveg til að auðvelda gerð hljóðvarna frá Dalveginum, en gerð verði hávaðagreining fyrir lóðina til að tryggja að hljóðvarnir séu í samræmi við kröfur sem fram koma í reglugerð um hávaða. Þá er lagt upp með að farið verði í greiningu á rennslisleiðum og vatnasviði sem grunnur að hönnun blágrænna ofanvatnslausna.
Samkvæmt vatnaáætlun eiga öll yfirborðsvatnshlot að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Kópavogslækur er afmarkað vatnshlot með vatnshlotsnúmerið 104-581-R og er vatnasvið þess að hluta í Kópavogsdal. Samkvæmt mælingum sem gerðar hafa verið í Kópavogslæk þá hafa efni mælst yfir ársmeðaltali skv. þeim umhverfisgæðakröfum sem koma fram í reglugerð nr.796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Það er því mikilvægt að við hönnun lóðar sé tryggt að ofanvatnslausnir og allur frágangur lóðar tryggi að yfirborðsvatn og sú starfsemi sem fram fer á lóðinni valdi ekki álagi á Kópavogslæk, enda liggur sú krafa á sveitarfélögunum að leita lausna til að bæta ástand Kópavogslæks og snúa við þeirri þróun sem fram kemur í mælingum.
Vakin er athygli á að á jarðvegur sé mengaður á lóðinni vegna þeirri starfsemi sem hefur verið þar undanfarna áratugi og því mikilvægt að tekin sé sýni úr jarðvegi og hann rannsakaður áður en framkvæmdir hefjast.
Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt að koma að athugasemdum ef ástæða er til á síðari stigum hönnunarferlisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Hörður Þorsteinsson

Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026